

# Fundargerð



MÝVATN

## Sveitarstjórn Skútustaðahrepps.

### 8. fundur.

að Hlíðavegi 6, 2. nóvember 2006, kl. 10:00.

#### DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Erindi frá Péttri B. Gíslasyni v/fuglasafns Sigurgeirs.
3. Erindi frá Margréti Bóasdóttur v/kórastefnu.
4. Erindi frá Stígamótum, styrkbeiðni.
5. Umsögn Atvinnumálanefndar um tillögu samvinnunefndar sveitarfélaga og orkufyrirtækja um stefnu landnýtingar- og verndaráætlunar á háhitasvæðum á norðausturlandi.
6. Fundargerð Umhverfisnefndar frá 24. okt.
7. Erindi frá Landsvirkjun ósk um borun kjarnaholu á vestursvæði Kröflu.
8. Erindi frá Landsvirkjun ósk um framkvæmdaleyfi fyrir borun rannsóknarholu í Sandabotnaskarði.

#### Til kynningar:

Drög að samstarfssamningi um brunavarnir í Pingeyjarsýslu.

Breyting á þjónustueiningu fyrir fatlaða að Sólbrekku Húsavík.

Fundargerðir samráðsnefndar um brunavarnir í Pineyjarsýslu frá 5. maí og 5. október.

Ályktun frá aðalfundi Eypings 22. og 23. setpember.

Mættir: Margrét Hólm Valsdóttir, Ingunn Guðbjörnsdóttir, Kristján Stefánsson, Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétursson.

**1. Fundarsetning.**

Oddviti setti fund og óskaði eftir að máli 7, og 8 yrði bætt á dagskrána. Samþykkt samhljóða.

**2. Erindi frá Pétri B. Gíslasyni v/fuglasafns Sigurgeirs.**

Borist hefur bréf dags. 15.okt frá Pétri B. Gíslasyni f.h. Fuglasafns Sigurgeirs þar sem óskað er eftir tengingu við Hitaveitu Skútustaðahrepps. Bréfitari kveðst áður hafa óskað eftir tengingu en ekkert svar fengið. Þar sem fyrir liggur að gera þurfi heildarúttekt á veitukerfi hreppsins samþykkir sveitarstjórn að láta kanna samhliða kostnað við lagningu hitaveitu á Neslandatanga.

**3. Erindi frá Margréti Bóasdóttur v/kórastefnu.**

Borist hefur erindi frá Margréti þar sem hún óskar eftir að gerður verði samstarfssamningur við Kórastefnu til næstu þriggja ára. Fram kemur í erindinu að vegna skipulagningar til framtíðar muni það auðvelda allan undirbúning að hafa slíkan samning. Samningurinn fæli í sér afnot af íþróttahúsi, skóla auk þess sem sveitarfélagið sæi um uppsetningu á sviði. Sveitarstjórn er jákvæð fyrir erindinu en óskar eftir að fá að sjá fjárhagsáætlun fyrir verkefnið.

**4. Erindi frá Stígamótum, styrkbeiðni.**

Erindinu er hafnað.

**5. Umsögn Atvinnumálanefndar um tillögu samvinnunefndar sveitarfélaga og orkufyrirtækja um stefnu landnýtingar- og verndaráætlunar á háhitasvæðum á norðausturlandi.**

Sveitarstjórn sendi Atvinnumálanefnd, Umhverfisnefnd og Landbúnaðarnefnd tillöguna til umsagnar. Svar barst frá Atvinnumálanefnd og Umhverfisnefnd. Nefndin gerir ekki athugasemdir við tillöguna en vill að hnykkt verði á um að þeir vegir sem á svæðinu verða, verði opnir fyrir almennri umferð.

**6. Fundargerð Umhverfisnefndar frá 24. okt.**

Í öðrum lið fundargerðar kemur fram að nefndin gerir ekki athugasemdir við tillögu samvinnunefndar sveitarfélaga og orkufyrirtækja um stefnu landnýtingar- og verndaráætlunar á háhitasvæðum á Norðausturlandi. En bendir á að Leirhnjúks- og Kröflusvæðið ásamt jarðhitavæðum beggja vegna Námafjalls hafi þegar miklu hlutverki að gegna í ferðaþjónustulegu tilliti og að gæta verði þess að sá möguleiki verði ekki skertur.

Í þriðja lið fundargerðarinnar bendir nefndin á að hluti Umhverfisstefnu Skútustaðahrepps sé engan vegin nógu skýr og mælist til þess að bætt verði úr. Sveitarstjórn samþykkir að fela Umhverfisnefnd að yfirfara Umhverfisstefnu Skútustaðahrepps og gera tillögur til breytinga og kanna hvernig mögulegt væri að fella hana Staðardagskrá 21.

**7. Erindi frá Landsvirkjun, ósk um borun kjarnaholu á vestursvæði Kröflu.**

Borist hefur bréf frá Landsvirkjun þar sem kynnt eru áform um borun tveggja kjarnahola á vestursvæði Kröflu. Markmiðið með borun holanna er að láta á það reyna, án þess að bora fullvaxna rannsóknarholu með tilheyrandi áhrifum á umhverfið, hvort hiti sé undir vestursvæðinu austanverðu þar sem borun rannsóknarholu KV-01 í sumar vestar á svæðinu gaf ekki nægan hita til vinnslu raforku með hefðbundnum hætti.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við áformin.

**8. Erindi frá Landsvirkjun, ósk um framkvæmdaleyfi fyrir borun rannsóknarholu í Sandabotnaskarði.**

Borist hefur bréf frá Landsvirkjun þar sem óskað er eftir framkvæmdaleyfi fyrir borun rannsóknarholu í Sandabotnaskarði. Svæði er nú þegar skilgreint sem iðnaðarsvæði í gildandi aðalskipulagi sveitarfélagsins. Skipulagsstofnun hefur áður úrskurðað að borun rannsóknarholu og gerð vegslóða á svæðinu skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Sveitarstjórn samþykkir að veita umbeðið leyfi fyrir sitt leyti.

Fleira ekki gert.  
Fundi slitið.  
Margrét Hólm Valsdóttir,  
Ingunn Guðbjörnsdóttir,  
Kristján Stefánsson,  
Dagbjört Bjarnadóttir,  
Böðvar Pétusson.